

Móttaka nýrra Íslendinga – rafræn handbók

Þekkingarnet Þingeyinga

Lok verkefnis: 01.12.2020

1. Heiti verkefnis og nafn styrkþega

Móttaka nýrra Íslendinga- rafræn handbók. Þekkingarnet Þingeyinga, hefur útbúið handbók.

2. Um verkefnið

Verkefnið snerist um að þróa árangursríka og aðgengilega leið fyrir erlenda einstaklinga sem flytja til Íslands til búsetu og starfa til að öðlast þekkingu á meginvirkni nærsamfélagsins.

3. Markmið verkefnis

Markmiðið var að safna saman helstu upplýsingum í tengslum við stofnanir, skóla, tómstundir og annað í samfélaginu og að upplýsingarnar væru skýrar og einfaldar. Helsta markmiðið var þó að nota slíka handbók í íslenskukennslu og tilgangurinn að flýta fyrir aðlögun nýrra íbúa í samfélaginu.

4. Hver er helsti ávinningur af verkefninu fyrir markhóp framhaldsfræðslunnar?

Erlendir einstaklingar sem flytjast til Íslands til búsetu og starfa öðlast þekkingu á meginvirkni nærsamfélagsins samhliða íslenskukennslu.

5. Hverjir voru helstu samstarfsaðilar?

Unnið var út frá raundæmi í einu sveitarfélagi, þ.e. Norðurþingi og verkefnið mótað og unnið í nánú samstarfi við starfsfólk þess.

6. Lokaafurð/ir verkefnis

Handbókin er hýst á [heimasíðu Þekkingarnetsins](#) og er rafræn útgáfa notuð í kennslu en einnig er handbókin uppsett í [prentanlegu eintaki](#). Handbókin er lifandi og er í sífelldri endurskoðum og einfalt er að yfirfæra handbókina á önnur sveitarfélög.